



## Hafnarfjarðarbær

b.t. Bæjarstjóra, Haraldar L. Haraldssonar.

Dags 30.september 2015

### Varðar uppbyggingu Ásvalla

Haukar hafa síðasta áratuginn barist fyrir því að áframhald verði á uppbyggingu íþróttamannvirkja við Ásvelli. Markmið uppbyggingar Íþróttamiðstöðvarinnar að Ásvöllum er að þar sé til framtíðar íþrótt-, æskulýðs- og félagsmiðstöð fyrir íbúa í nærhverfum sem stuðlar að aukinni þjónustu við íbúa og gera það enn ákjósanlegra og meira eftirsótt að búa í hverfum umhverfis Ásvelli.

Fjölgun íbúa í nágrenni Ásvalla hefur verið gríðarleg og íþróttaaðstaða Hauka er fyrir löngu sprungin. Það er öllum ljóst að öflugt og markvisst íþróttastarf yngri iðkenda er gríðarlegt hagsmunamál samfélagsins. Það eru því sameiginlegir hagsmunir Hafnarfjarðarbæjar og Hauka að hraða uppbyggingu íþróttamannvirkja á Ásvöllum og bæta þannig þjónustu við íbúðabyggðina á Völlum og nágrennahverfum Ásvalla.

Staða framkvæmda á svæðinu er að við stofnun Hraunvallaskóla var steiptur grunnur fyrir færanlegar skólastofur við íþróttahúsið á Ásvöllum. Kennsla í Hraunvallaskóla fór síðan fram í húsnæði Hauka þar til Hraunvallaskóli var byggður. Það næsta sem gerist í framkvæmdum var að rétt fyrir hrun voru gerðar frumteikningar af íþróttasal, tengibyggingu og aðstöðu við knattspyrnuvöll. Verkið var komið á það stig að búið var að bjóða út verkfræðihönnun. Hrun íslenska fjármálakerfisins varð síðan til þess að allar frekari framkvæmdir stöðvuðust og hafa verið í kyrrstöðu síðan.

Fyrir liggur að fjárhagur Hafnarfjarðar leyfir ekki eins hraða uppbyggingu á Ásvöllum og æskilegt væri. Á sama tíma liggur fyrir að iðkendum Hauka, sem hefur fjölgað mikið á síðustu árum, eiga erfitt með að bíða lengur eftir úrbótum um aukið húsrými. Skortur á íþróttaaðstöðu er nú þegar farið að valda brottfalli iðkenda.

Með þetta í huga hafa Haukar farið í gaumgæfilega skoðun á þeim möguleikum sem eru fyrir hendi varðandi frekari uppbyggingu. Sú vinna hefur opnað möguleika á að hægt sé að hefja uppbyggingu með hagkvæmari hætti en áður var talið.

Af því tilefni óska Haukar eftir fundi með forráðamönnum Hafnarfjarðar svo fljótt sem kostur er til að hægt sé að kynna þá möguleika sem félagið sér í stöðunni.

Virðingarfyllt

Samúel Guðmundsson

Formaður Hauka

#### Afrit

Rósa Guðbjartsdóttir forseti bæjarráðs

Guðlaug Kristjánsdóttir forseti bæjarstjórnar

Helga Ingólfssdóttir formaður fjölskylduráðs

Þorvarður Tjörvi Ólafsson varaformaður Hauka

Þorgeir Haraldsson formaður handknattleiksdeildar Hauka

Ágúst Sindri Karlsson formaður knattspyrnudeildar Hauka

Kjartan Ásmundsson formaður körfuknattleiksdeildar Hauka

Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri Hauka